öngvu notast kyrrðarstaður;
smalinn rotast, hjörðin hrekkur,
hræðist lotinn ferðamaður.

15. Jörðin grætur, hristist heimur,
hrynur um stræti bjargið þétta,
uns það mætir eikum tveimur
sem allar rætur saman flétta.

16. Þessar stansa steininn firna,
styður aðra hvor sem getur,
fótum hans við falli spyrna,
ferðir þáðra bjargið letur.

17. Leó þannig stöðvar stinnur
stáls í dýjum ferða æði,
þegar hann í hernum finnur
Hersilíu og Núma bæði.

18. Skjaldmey móti kappa kemur,
kveður hann ljótum orðum þannin:
oss þú hóta ei skalt fremur,
allra þrjóta verstur glanninn.

19. Þú skalt, færður fyrir skjóma,
falla brátt með stærstu kvölum;
að hafa særðan ræsi Róma,
raupa máttu í heljar sölum.

20. Nú tvíhendir hrottann beitta,
hjarna strendur mærin yfir;
brosti að kvendi kempan sveitta,
kyrr hann stendur þó, og lifir.

IX 76–82 (braghent, baksneitt):

76. Hilmir biður: „Hættu þessu, hetjan góða,
sjóinn æða að sefa rauða,
sárin mörg eg hef til dauða.

77. Guðunum vil eg gjalda lof og gleyma meinum,

að eg fæ í örmum þínum,
anda þeim að skila mínum.

78. Dóttur minni bið eg blítt þú bjarga vildir,
henni ekki munu mildir
morðingjarnir bræði fylldir.“

79. Segir hinn: „Eg sver við þína sál ófeiga!
þar til dagar dvína mega,
dóttur þína besta að eiga.

80. Mér ei sómir morðingjum að mægjast þínum,
Tasíu skal eg elska eina,
ástum hinnar gleyma og leyna.“

81. Öðling faðmar ungan mann með ástarhendi,
tala vill, en – í því anda
uppgaf bestur stýrir landa.

82. Hilmis lík á herðar tekur hetjan fróma,
ber hann heim til borgar Róma,
býr nú um með tign og sóma.

XII 1–14 mansöngur (ferskeytt, hringhent or víxlhenda):

1. Kom þú, Braga brúðin góð,
í blóma himinklæða!
heilla dagar hressi þjóð!
harpan glymur kvæða.

2. Minna strengja hljómur hreinn,
hugar þrenging reyri;
kveð eg lengi, kveð eg einn,
kveður enginn fleiri.

3. Skinnaklæða hrundir hér,
(hverfur gæða efni),
hljóða og æða undan mér,
ef eg kvæðin nefni.

4. Heima forðum Fróni á
friðar góðu stundu,

bragar orðum betur hjá
blessuð fljóðin undu.

5. Hugar leyna máir mátt,
menju steina glóa,
man eg eina og þrái þrátt;
þau ei meinin gróa.

6. Þér ég gleymi aldrei, ó,
eyjar bráar dýna!
því tveggja heima heill og ró
hjá þér sá eg mína.

7. Þína ást eg aldrei þó
með orðum gjörði fala;
í huga sástu hvað mér bjó,
hvorugt þurfti að tala.

8. Þig til handa þá eg sá,
þegni öðrum ganga;
flúði eg landið frá þér þá,
flúði eg götu langa.

9. Flúði eg norður hálfu heims
og heiminn svo að kalla;
mér þú, skorðin glampa geims,
götu fylgir alla.

10. Veistu að nú í vetur hér
vildir bætur kenna,
dillaðir þú í draumi mér,
drósinn nætur þrennar.

11. Eg þegjandi hengdi haus,
hræddist trúá öndin,
hvort mun andinn ljúfi laus
líkamans við böndin.

12. Og svo hingað hvarfla sér
hægt til drauma bóta,
yfir, kring og innra í mér,

á loftstraumum fljóta.

13. Eða mundir, linda lín,
lífs á götu þinni
þenkja stundum mjúkt til mín,
manns í útleigðinni.

14. Þegar þú heyrir, heillin mín,
hanann brúna gala,
ljáðu eyrun þessi þín!
um þig eg núna tala.

XVI 45–51 (skammhenda):

45. Djúpt sig hneigir hirðir skjóma
hann svo spjalla réð:
„Heill þér — segir hann — hilmir Róma
hrósi allra með.“

46. Allt hvað skeði eins réð segja
ör að fregnum hann.
Númi á meðan þá réð þegja
því næst gegna vann:

47. „Þó mig höldar hylli og ginni
hveð sem skeður ger
yðar völdum ei ég sinni
eða héðan fer.

48. Fjallaskjól eg vænna virði
og værri á hér stað
um tignarstólinn hót ei hirði
hermdu frá mér það.“

49. Auðmjúkastur aftur vekur
óskir sendimann.
En Sóróaster tala tekur
til svo vendir hann:

50. „Þín er skylda, Númi, næsta
— nú þar lendir við —

fólkið milda orustuæsta
og því senda frið.

51. Ástin þína athöfn villir
en að því gáum hér
dóttir mín og hennar hylli
horfin frá þér er.“

XVII 1–10, mansöngur (stuðlafall):

1. Skal eg mega um skáldin nokkuð tala
fyrst eg er að erja við
óbúsæla handverkið?

2. Nafnið það menn naumast vinna kunna
fyrir það, að ríma rétt,
sem regla verður fyrir sett.

3. Orðfímnir og æfður lengi vani,
gefur þessa góðu mennt,
þó geti mäske fáir kennt.

4. Orð og þanka alla úr hinna bókum,
þegar láta þrykta skrá,
þurfa slíkir jafnan fá.

5. Eins er það um útleggingu kvæða,
ef þekkir bæði þjóðmálin;
þetta gerir rímarinn.

6. Hinn er skáld; sem skapar, fæðir, malar
myndir þær í þanka sér,
sem þekktum aldrei forðum vér.

7. Hann sem sér, með hvössu sjónar báli,
hulda gegnum hugi manns,
og háa fræði skaparans.

8. Hann á allan heiminn til forráða,
býr á hauðri, himni og sjó,
en hæli ekkert festir þó.

RÍMUR AF TÍSTRAN OG INDÍÖNU

III 1–7 (afhending):

1. Viljiði stúlkur vísur heyra og vera kátar
en þar að auki lítillátar
 2. skal ég yður skrifa bréf með skálda anda
og fyrir yður frammi standa.
 3. Þó ég eigi dikti drósum dýra bragi
fyrir því allt má fara í lagi.
 4. Það er af sem áður var að yrkja um Rósu
mína stirða mansöngsglósu.
 5. Því ég veit að varla skeyta vísum linum
þeir sem lifa í heimi hinum.
 6. Ég hef haldið heitorð mín því hýra vífi
meðan hún var hér á lífi.
 7. Hýrri kvað ég hringagjörð í hægum tímum
mansöngva í mörgum rímum.
-

RÍMUR AF GÍSLA SÚRSSYNI

IV 13–24 (braghent, baksneitt):

13. Húsfreyjurnar hugsandi um hagi slæma,
réna létu ræðu gaman;
rauðar eins og blóð í framan.
14. Auður mælti: „Oss úr vöndu er að ráða.“
Ásgerður nam andsvör þýða:
„Ekki skal eg þessu kvíða.
15. Þegar ég með Þorkel leggst á þægum beði,
hendur um hans háls ég breiði,
hygg ég þá hann týni reiði.
16. Hann mun þetta halda vera höfuðlygi.“
„Aðferð þessi,“ Auður segir,

„ekki hygg eg duga megí.

17. Eg mun Gísli öll vor segja orða kvæði,
biðja hann svo bestu ráða,
í bólið þegar kem til náða.“

18. Gísli kom frá eyjum heim, þá húma náði,
Þorkell var með þungu geði,
þannig við hann Gísli téði:

19. „Mun þér frændi meint af sótt?“ hann máli sneri.
„Ver er mér, en veikum fari,
við um það ei tölum parið.“

20. Þorkell ekki þáði mat, en þá til hvílu
gengur hann, með gremju og fýlu,
getur notið fata skýlu.

21. Ásgerður nam einnig klæðin af sér taka,
niður vildi leggjast líka,
lagar bóndinn ræðu slíka:

22. „Ásett hefi ég eigi í nótt við yrðum bæði,
Ása mín, á einum beði.“
Aftur svara konan réði:

23. „Hverju gegnir, hætti skulum hafa nýja?“
„Sæmir best um það að þegja,“
þá nam aftur bóndinn segja.

24. „Síst þá mun ég,“ sagði fljóð, „til sængur troðast,
mér skal ekki meira leiðast,
máttu velja um kosti greiðast.“

V 13–23 (þríhent stikluvík):

13. Ekki gleymist Gísli mér;
gjörum þar að snúa:
kempan heima á Hóli er,
heldur illa dreyma fer.

14. Tvennar nætur sá í samt,

svefn þá efna hinir,
illa lætur, ei var tamt,
örlög sæta munu framt.

15. En nær þjóðin þriðju nátt,
þar að snarast beði,
veðra hljóðin meiða af mátt
mænis tróðu dýrið hátt.

16. Stormar veina um fjalla far,
flóða hríðir vatna,
loftið hvein og hristi þar
húsin, steina og grundirnar.

17. Vötnin spýttast ekru á;
órar vara storma,
þeirra hlíta þróttur má,
þakið slíta húsum frá.

18. Húsin flæða himinstraum,
hríðir stríðar vara,
konur æða og gera glaum,
garpar klæðin fengu naum.

19. Gísli spratt hinn frækni frá
fljótast heitum beði,
með sér hvatti sveina sá,
svo þeir hratt úr bænum gá.

20. Vésteinn inni og Auður þá
eru kyrr á beði,
og þræll, er sinna þjónkun á,
Þórður slinni nefnist sá.

21. Gísli allir aðrir með
úti bæta að heyjum,
storma svallið rymja réð,
og regnfall um svartnættið.

22. Hjótt og spakan heyra má,
um húsin geysar maður;

liggur vakinn Vésteinn þá,
voðum nakinn undir lá.

23. Eigi fregnast um hver bar
eiturskeytið kalda,
bæsing þegn á beði var
brjóstið gegnum lagður þar.

VI 15–31 (stuðlafall, frárímað frumhenda):

15. Njótar lófa neggja hófu leika,
um sem vann ég vekja tal,
vetur þann í Haukadal.

16. Knattleik hafa huglar stafir linna,
Gísli má við Þorgrím þá
þreytast á og leikinn há.

17. Tíðum manna milli vann að bera,
hvor við mesta hreysti bjó,
halda flestir Gísla þó.

18. Á einni tjörn þeir eiga vörn og sóknir,
Vésteins hjá sá haugi var,
höldar knáir leika þar.

19. Einhvern dag, sem á er fagurviðri,
fjöldi manna fer á kreik,
úr fjörðum, þann að sækja leik.

20. Gísli tér: „Það gjörir mér að leiðast
Þorgrím einan etja við,
aðrir reyna komið þið.“

21. Þegnar inna: „Þetta sinn vér báðum
þig að sækjast Þorgrím við,
þar um flækist umtalið.

22. Hvor af yður afli miður stýri,
höldar segja að hlífist þú,
en hafðu ei þann vanda nú.

23. Allir þér vér unnum bera sóma,
afl ef meira er þér hjá,
álma freyri láttu sjá.“

24. Vitur tjáir: „Verða má það reynist.“
Síðan leikast seggir á,
sóknir eykur Gísli þá.

25. Vannst Þorgrími varla glíman betur,
hnöttinn missti, er halda á,
hauður kyssti fallinn þá.

26. Skinn af knúum skúfast nú og knjánum,
blóð úr vitum buna fer,
bjóður þvita mundar tér.

27. Að Vésteins haug hann velti auga og tjáði:
„Í sárum gnast, við guma stjá,
geir, en ekki lasta má.“

28. Knöttinn Gísli glímu sýsli tamur,
honum sendi herðar á,
hann svo endur falla má.

29. Og þá spjallar ullur mjalla handar:
„Böllur stalli byrðar á,
brast en varla lasta má.“

30. Þorkell tjáir: „Það hér sjáum allir,
hvor þar meiri máttar er
mækja freyr og best að sér.

31. Nú skal hætta hnattar slætti þessum.“
Við það linna leikarnir,
til landa sinna hver einn fer.

VIII 16–19 (langhent, víxlhenda):

16. Þorstein myndu hefndir hræða,
því hrekki bráða kerling ól;
á Gísla fundinn gat að læðast,
gott þar náði þiggja skjól.

17. Síðan hirðir handar jaka
hefnd á meðan færi gaf,
í Borgarfirði far nam taka,
og fluttist héðan landi af.

18. Börkur frétti kynstur kyngja
kerlingar og þangað fer,
tekur gretta gríði hringa,
gat hún þar ei forðað sér.

19. Í Saltnes færir Auðbjörg illa
yggur hæru friggjar sá,
steinum særíst digur drylla,
dauðans klær svo gista má.

IX 17–26 (afhending):

17. Börkur, eftir bardagann, til bæja sneri,
hugar lítið gæskan greri.

18. Gísli fótar sárið sitt nam sjálfur binda,
heim svo sneri lundur linda.

19. Ferju mikla fær hann sér og ferma réði
ærnu fé á ála beði.

20. Einn hann fer með Auði sína, og Guðríði,
ferju heldur fram á víði.

21. Hestinn sjós við Haganesið hefti strengur,
heim að bænum Gísli gengur.

22. Heimamaður heitis spurði hetju snjalla,
órétt hann sig eitthvað kallar.

23. Kastar Gísli stórum steini að storðar bandi,
fram í hólma langt frá landi.

24. Bað hann segja bóndans nið það bragð að reyna,
hvort hann lengra hendi steina.

25. „Þá mun,“ kvað hann, „þykjast vita þegninn hraður,
hver hér verið hafi maður.“

26. En það var á engra færi eftir leika,
til skeiðar nam svo kappinn kreika.

XII 13–20 (stafhent, mishenda):

13. Skipti manna bauð í ból
bóndinn hrannar ljóma sól,
öllum klæðum fleti frá
fyrst hann ræður kasta þá.

14. Gísli hjálminn auðan á
yggur skálma lagði þá,
síðan klæði og sængum hann
særðan slæðir yfir mann.

15. Ofan á þetta allt saman
út af slettist húsfreyjan,
ljótu sprundi lag er á,
liggja undir Gísli má.

16. Flokkinn kvenna eg bestan bið,
í brjósti að kenna um mannvalið.
Refur þá við ristil tér:
„Ráð nú má eg leggja þér.

17. Ef hingað æða illmennin,
opnaðu bæði munnvikin,
ældu flestum orðum þá,
eins og best þér takast má.

18. Háðung alla, hark og blót,
hátt skalt kalla þeim á mót,
þetta sinn, ef svalar þér,
seinna kynnir hlífa mér.“

19. Um þær stundir átta manns
inn af skunda dyrum ranns.
Refur leitar fréttu frí,
firðar beita svari því:

20. „Vont er okkar vega skil,

veistu nokkuð Gísla til,
bælist ei í bænum sá?“
Bóndinn segir: „Langt er frá.“

XIV 16–25 (ferskeytt, frumhenda):

16. Sagna þáttum fram svo fer,
flóa týrinn eima,
sumar nátt þá síðust er,
situr Gísli heima.

17. Ekki blund í bænum má
bóndinn hrelldur taka,
silki grundir honum hjá
hryggvar báðar vaka.

18. Í fylgsni undir kleifar kann
konum ganga meður,
það að blunda hyggur hann,
hreint og bjart er veður.

19. Kyrтли réðu klæðast fljóð,
kuldinn skyldi ei бага,
honum með þær helju slóð
húsa milli draga.

20. Gísli kefli í höndum hélt,
heflar það til rúna,
spóna skeflur fær hann fellt
í förin þeirra núna.

21. Hann og sprundin hæli ná,
hlynur mána strauma
fýsti blund í fylgsni þá,
og fær nú slíka drauma:

22. Í fugla líki læmingjar
leynt um húsin krjúpa;
eru slíkir ásýndar
öllu meiri en rjúpa.

23. Volgu blóði volkaðir
voru og létu illa;
úti hljóð nú heyrast fer,
höfga má hann spilla.

24. Eyjólf kenna kominn þar;
kunni fæði ylgja,
fimmtán menn, þeim verstur var,
vopnum búnir fylgja.

25. Kyrtila slóðann kvenna þeir
kunnu að fylgsni þræða;
upp þá stóð og girðist geir
Gísli kempan skæða.

LÍKAFRÓNSRÍMUR

IV 11, 14 (nýhent, frumhenda):

11. Líkafrón og lagsmenn tveir,
ljósin dags nær fá að skoða,
kveðja hjón, og því næst þeir
þaðan undir fjöllin troða.

...

14. Ill var færð og óhreinn leið,
útilegumenn og tröllin,
byggðu ærð, um bratta heið,
bönnuðu mönnum leið um fjöllin.

VÍGLUNDAR RÍMUR

III 11–19, 25–27, 30–34, 36–38 (nýhent, víxlhenda):

11. Hrynum spúði Hræsvelgur,
hróðug greiðir bylgjutröfin,
þegar prúði Þorgrímur
þandi skeiðir yfir höfin.

12. Að Norveg settu sjóhestar;

svinnur veitir stjörnu hylja
öðrum frétti að Ólöf var
eignarheitin móti vilja.

13. Kóngrs sér beiðir lið að ljá,
lundin svall af ást og bræði,
baugaheiði burt að ná,
bóndi og jarl þótt móti stæði.

14. Undan skorast vísir vann,
vinskap Ketils rækir fremur;
svo fram bera svörin vann:
„Soddan ei að haldi kemur —

15. Við hann etja ei mun tjá,
álfinn branda frægðir styðja;
en dóttur Ketill eina á,
sem eg til handa þér mun biðja.“

16. Viðris tjalda viður tér:
„Vil eg þín ei ráðin nýta;
við Ólöfu halda eg ætla mér
eiða mína, en hvergi slíta.

17. Ef eg náí ei að fá
ágætt sprund, sem til eg vona,
mína skal þá arma á
engar stundir leggjast kona.

18. Þér ei fremur þjóna vil,
þar ei dáðir viltu sýna.“
Milding semur málaskil:
„Máttu ráða um hagi þína.“

19. Hetjan unga orðaslyng
öðling kveður; ríkur tiggi
merkurþungan handarhring,
hetjan biður af sér þiggi.

...

25. Grímur þá kom gólfið á,

gestur sá var boðinn ekki;
mörgum brá er manninn sá,
mæla náir kappinn þekki:

26. „Er þér, Ketill, Ólöf fest
orðum hennar með og vilja?“
Bóndinn metinn góðum gest
gjörði senn á móti þylja:

27. „Þórir fljóðið festi mér,
frekast slíku mun hann ráða,
litlar bjóðast þakkir þér,
þótt eg þíku eignist fjáða.“

...

30. „Þú skalt aldrei fljóðið fá,“
fleytir Ketill orðum þráum.
„Skilja baldur álma á,
undan lét eg manni fáum.“

31. „Garpar þora,“ Grímur tér,
„grobbið reyna þitt og hendur;
á hólmi eg skora hrikinn þér,
hafi meyna sá sem stendur.“

32. „Þess skal njóta,“ Ketill kvað,
„kappa næga hefi eg inni;
héðan fljótast farðu á stað,
fyrir en dægur ævi linni.“

33. Gyðjan Freyja Gimli á
sem glæðir blíðar tilfinningar
nú með eigin augum sá
ástarstríðið brúði þvingar.

34. Tók sem á, af hvítum hauk
ham, og brá nú skjótast viður,
loftið bláa straumi strauk
og stefndi þá til jarðar niður.

...

36. Varð í ranni þoka þá
þar sem vangi fálkinn skekur,
ekkert manna augað sá,
óttinn fanga brjóstin tekur.

37. Grímur fann þó fljóð sem ann,
faðmar þá í arma báða,
út úr ranni hvatar hann,
hinir sjá ei reyni dáða.

38. Inni hrindast hinir mest
haukurinn góði líður þaðan;
ljós í skyndi síðan sést
sá nú þjóðin líka skaðann.

VI 16–23 (braghent, samrímað or baksneitt):

16. Hólmkell segir: „Hitt mér þykir henta betur
að hafi fljóð á Hóli setur —“
húsfreyjan þá ræðu hvetur:

17. „Hingað skal nú heim til vor sú hýra píka,
þó ég eigi sjálf að sækja
sáðjörðina mána lækja.

18. Vil eg eigi Víglundur þá væli brúði
heldur kýs að Hákon fríði
henni giftist nú með prýði.“

19. Hólmkell það í huga veit, að hún mun enda
eftir brúði sjálf að senda —
sá nam því að Hóli venda.

20. Grímur fagnar hraustum hal með hverja prýði;
Víglundur sem vanda kvíði
veik á tal við Ketilríði.

21. „Hér er kominn Hólmkell en mér hugur segir
að þú heim með honum eigir
og hlýðin þessu vera megir.

22. Okkar samt þig ætíð láttu eiða minna
því aldrei muntu, afbragð kvenna,
úr ástarheitu brjósti renna.“

23. Gegnir honum fríðast fljóð og fór að gráta:
„Forlög munu á bága brjóta
að blíðu þinnar fáir njóta.

VIII 11–20 (gagaraljóð, víxlhent og oddhenda):

11. Hákon þá er hniginn lá,
og hetjan móð á velli stóð,
Jökull brá sér beinin á,
blossa tróð að stjörnu rjóð.

12. Illur dárinn ei var sár
eða móður vals á lóð,
heiftargrár sem argur ár
Óma hróðugt veifar glóð.

13. Berjast þeir nú báðir tveir,
bestum dreng þó lá við spreng;
þeirra heyrir hvína geir
heldur lengi um sóknareng.

14. Enginn má á milli sjá
mækjaprá hvor vinni sá:
sverðin grá við hlífar há
hljóða þá og fljúgast á.

15. Víglund blæðir allmörg æð,
Óðinsglæða veldur fæð,
bugar mæðin brjóstið skæð,
blóð um flæðir sóknarhæð.

16. Í loftið háa hetja frá
hjörnum þá og skildi brá,
Hildur grá þó herði stjá,
í höndum sá þeim skipta má.

17. Í hægri rönd, en vígavönd

vinstri brá sem skjótast þá:
aðra hönd við hlífagrönd
hjörinn tá af Jökli þá.

18. Undan gekk sá grandíð fékk,
gat ei eftir hetjan keppt,
finnur rekkur fíls á bekk,
fár sem heftir, spjótið skeft.

19. Eftir skaut þeim æddi braut,
á nam miða herðasvið:
Jökull laut, því fleinninn flaut
fram um kvið á gríðarnið.

20. Allir spá, að spekist sá,
spjóti á sem hniginn lá:
varð að náí fýlan flá —
feginn má eg segja já.

IX 17–25 (úrkast, frumhenda):

17. „Biðjið þið með blíðuskrafi
bræður harða
að flytja yður yfir hafið
Ísajarðar.“

18. Klæðagrundin Ketilríður
kafin trega,
um þær stundir angur líður
alla vega.

19. Langar nætur vífið vakir
vafin banni
sat og grætur svanninn spaki
í saumaranni.

20. Um þá nótt er bræður búast
burt frá Hóli
báðir fljótt að Fossi snúa
faxastóli.

21. Fundu bragnar foldu rjóða
Freyju trega:
hlýrum fagnar haddatróða
hjartanlega.

22. Svörin stillir seims við viði
svanninn hæfi:
„Funda milli finnst mér liðin
fyrna æfi.

23. Samt eg kætist loks að líta
á lífi báða,
margar nætur mátti sýta
mærin þjáða.“

24. Sest hjá sprundi svo Víglundur
sæll að kjörum
segja mundi sörvagrundu
af sínum förum.

25. Sagðist una svanninn því
og síðan tjáði:
„Aldrei mun eg amafri
að ástaráði.“

BREIÐFIRÐINGAVÍSUR

by Ólína Andrésdóttir (1858–1935)

(samhent, hagkveðlingaháttur)

1. Gyllir sjóinn sunna rík,
sveipast ró um Faxavík.
Esjan glóir gulli lík,
gleði bjó mér fegurð slík.

2. Samt ég allra svásast finn
sólarfall við Jökulinn;
vermist mjallar vanginn þinn,
vesturfjalla kóngurinn.

3. Í landsins hjarta lifði þar
ljósið margt, sem fegurð bar.
Nú er bjart við Breiðamar,
búinn skarti kveldsólar.

4. Munu enn á æskulóð
afbragðsmenn og tignarfljóð,
í sem rennur breiðfirskt blóð,
brim í senn og ástarglóð?

5. Breiða- fyrst á firðinum
fékk ég vist á bátunum
hjá aflaþyrstum, þrekmiklum
þrauta og lista formönnum.

6. Bundu þeir ærinn ægiskraft,
að þó bæri lagið knappt,
eins og þeim væri' í eðli skapt,
afl að færa á brimið haft.

7. Happalúkum hraðvirkum
þeir hækkuðu dúk á bátunum,
létu fjúka í ferhendum
og fram hjá strjúka holskeflum.

8. Faldasunna sál var heið,
þær saumuðu, spunnu, stýrðu skeið,
þeim var kunnug láar leið,
lögð yfir grunna svæðin breið.

9. Öllum stundum starfsamar,
styrkum mundum konurnar,
ýttu á sundin árarmar,
öxluðu og bundu sáturnar.

10. Hyldu ísar hafflötinn,
hætti að lýsa dagurinn,
ljóðadísinn leit þá inn,
lagaði vísur hugurinn.

11. Hver sér réði rökkurum í,

rétt á meðan áttum frí;
þá var kveðið kúttinn í,
kviknaði gleði oft af því.

12. Vetrar löngu vökurnar
vóru öngum þungbærar,
við ljóðasöng og sögurnar
söfnuðust föngin unaðar.

13. Ein þegar vatt og önnur spann,
iðnin hvatti vefarann,
þá var glatt í góðum rann,
gæfan spratt við arin þann.

14. Teygjast lét ég lopann minn;
ljóða metinn söngvarinn
þuldi hetju þrekvirkin;
þá var setinn bekkurinn.

15. Þar frá landi lífs míns far
lagði í andbyr gæfunnar.
Fyrir handan fjöll og mar
fann ég strandir ókunnar.

16. Gefa þér hygg ég hjarta og önd,
hugurinn tryggir sér þín lönd.
Æ meðan byggist ey og strönd,
yfir þig skyggi Drottins hönd.

RÍMUR AF BERNÓTUS BORNEYJARKAPPA

by Magnús Jónsson in Magnússkógar (1763–1840)

IV 15–18 (braghent, baksneitt):

15. Grátfeigin varð reffarist og réði greina:
„Mér er það nú mest til rauna,
megna ekki neinu launa.

16. Sé eg það, að sorg þú berð í sinnu ranni.
Hermdu frá því, halurinn svinni,

hvað ógleði veldur þinni.

17. Eður hvers af öllu helst þú æskja mundir,
lát mig heyra.“ – Laufabendir
listaríkur svarar kvendi:

18. „Öllu fremur óska eg, að öðlings dóttur
Faustínu eg finna mætti;
fálu veðurs mein það bætti.“

VI 17–24 (stikluvik, hringhenda):

17. Akron sagði feðgum frá
fylkis bragði illu,
vart um þagði vonsku þá,
vald sig lagði þeirra á.

18. Sagðist vilja seims við njót
síðan skilja aldrei,
eður dylja hlýðnishót
hvað sem bylja næði mót.

19. Náði jarlinn nýtan við
niðja spjalli hreifa:
„Hér á hjalli, þenki eg, þið
þurfið valla hafa bið.

20. Eftir fjöri ykkar snart
öðling gjörir sækja,
lýð til kjörinn lands óspart
lætur hjörinn reyna hart.

21. Illa sóma má það mér,
megn ef róma skeður,
móti fróma fóstbróðir
fara, og skjóma reyna hér.

22. Til jarldæmis hóf mig hann,
heiðri sæmir stórum;
illa ræmist, ef við þann
öðling kæmi friðar bann.“

23. Spyrja fjáðan föður réð
fofnisláða viður,
hvað til ráða honum með
hirðir dáða gæti séð.

VIII 13–26 (ferskeytt, hringhenda):

13. Söng í reiða kífinn kár,
kólgur freyða stórar,
Ekkilsheiða yfir flár
öldu skeiða jórar.

14. Sigla drengir dag sem nátt
djúpt um engi þöngla,
rárnar lengi hljóða hátt,
hjól og strengir söngla.

15. Kár með jöfnum þrótti þar
þá um nöfnur úðar
brátt að höfnum Borneyjar
beindi hröfnum súðar.

16. Fleinar hníga fljótt til grunns,
flet í síga reyðar,
svo af stíga hestum hlunns
horskir vígameiðar.

17. Upp á grundu einstig fann
öðlingskundur téður,
komst svo undir kastalann
kesjuþunda meður.

18. Hátt upp gerði hrópa þar
hoskur skerðir fleina:
„Býð eg verði Borneyjar
brynju og sverð að reyna.“

19. Hróp í staðinn heyrði þá
hirðir naðurs þetta,
múrinn gengur glaður á,
gerði hraður fréttar:

20. „Hver er gildi seggur senn,
sem oss hildi býður?“
Svara vildi aftur enn
arfi mildings friður:

21. „Kóngsins niður Lýdia-lands,
lukkan styður fróma,
Kaston yður, beitir brands!
býður hviðu skjóma.“

22. Spurning ferjar máls um mið
mána Herjans beitir:
„Sakir hverjar hef eg við
höggvisskerja veitir?

23. Manni ókenndum með ófrið
mér á hendur reisir.“
Orku-vendur utan bið
úr því sendur leysir:

24. „Fylkir stífi í Frýgía,
Fofnisþýfi hlaðinn,
bað þig lífi leiða frá,
lofaði vífi í staðinn.“

25. Ægisbálaullur spyr
eyði stála ríkan:
„Var þá nálavefjan kyrr
við skilmála slíkan?“

26. Hinn réð spjalla hjals af urð
hirði gjallars téði:
„Hún var valla hér að spurð;
hilmir snjall því réði.“

IX 57–73 (hagkveðlingaháttur):

57. Bylgjan spýtti boðunum
byrjar títt í hroðunum;
veðrið strítt í voðunum
ver, sem flýtti gnoðunum.

58. Súða lýsti af sólunum
síla víst á bólunum,
einatt tísti í ólunum,
að sem þrýstu hjólunum.

59. Lét á seiðalöndunum
lægis skeiða bröndunum;
áls á heiða öndunum
í hvein reiða böndunum.

60. Skemmti söninn skötnum sá
skerjalóni djúpu á,
þar til fróni Frýgía
fögur ljónin mastra ná.

61. Brátt fallandi byrjarföld,
bíta sandinn akker köld;
svo á landi setur öld
sín ljómandi fögur tjöld.

62. Vörður lýða fær þá frétt;
frægum býður sjóla rétt
heim um ríða hauðrið slétt,
hallar prýða sæti nett.

63. Boðið þáði saddur seim
sjóli, og náði ferðast heim;
höndum fjáðum tiggi tveim
taka gáði móti beim.

64. Sjóli ágætur sér við mund
setjast lætur gram um stund;
yndisbætur lífga lund,
lánast mætu kerasund.

65. Staupin bera þegnar þar;
þjóðir gerast ölvaðar;
góms um þverar grundirnar
gengu kera elfurnar.

66. Gramur kenndur glaður tér

geirs við bendi, frægð sem ber:
„Hvert erindi eigið þér
Óma á kvendi til vor hér?“

67. Stýrir lýða orðaör
ormahlíða svarar bör:
„Biðja um fríða baugavör,
best er smíðar yndiskjör.

68. Það er yðar dóttir dýr,
dyggðasiðar blóminn skýr,
sem til miðar hugur hýr
hjálmaviðar ekki rýr.“

69. Gylfi fljótur gegna vann:
„Gef eg snót og ríkis ann
álmanjóti, æfibann
ef Bernóti vinna kann.“

70. Mót öðlingi hóf upp hljóð
hilmir slyngur máls af slóð:
„Hans jafningi, hermir þjóð,
hjörs á þingi enginn stóð.

71. Vígi öruggt hafi hann,
herma gjörir þjóð með sann,
og til kjörinn margan mann,
mjög við hjörinn týhraustan.

72. Frek þó heita furða má,
ef fleygir skeyta megnar sá
styrjar veita vörn í þrá,
vel ef leita margir á.

73. Þetta reyna þó eg vil,
þeirra greina ef ljáið til
mistilteinameiða og fyl
mars í fleina harðan byl.“

by Grímur Thomsen (1820–1896)

(ferskeytt)

1. „Ófær sýnist áin mér,
állinn þessa verstur,
stóra jaka straumur ber,
stendur hann enginn hestur.

2. Áin hljóp, sem oft til ber
eftir milda vetra;
vertu í nótt, því vísast er,
að verði á morgun betra.“

3. „Væri ei nauðsyn næsta brýn,
náttstað yrði eg feginn,
en kona í barnsnauð bíður mín
banvæn hinumegin.“

4. „Skal þá, læknir, ljá þér Kóp,
láttu hann alveg ráða;
honum, sem fljóði fóstrið skóp,
fel eg ykkur báða.“

5. Vandlega kannar Kópur straum,
í kvíslina drepur grönum;
slakan lætur læknir taum
leiðratanda vönum.

6. Var í strengnum stríðast fall,
straums í ólgu halla
jakabólginn bylgjan svall,
blakk þó hrakti valla.

7. Óð hægt Kópur. Yfir skall,
æðar jökuls þjóta,
drengs þó hjarta drap ei stall,
drösull missti ei fóta.

8. Reyndi á beinin föst og fim
flaums í þriðja svipnum;

líkt og á skeri brýtur brim,
braut á stólpagripnum.

9. Komst þá Sveinn í krappan dans,
Kópur skalf á beinum,
er hann náði loks til lands
laminn jökulfleinum.

10. Af eðli göfgu fákur fann,
fæti að mátti ei skeika,
læknir skyldu verkið vann,
verkið mannkærleika.

11. Úr barns og móður bætti hann þraut,
blessun upp því skar hann,
önnur laun hann engin hlaut,
ánægður þó var hann.

12. Þó að liggi lífið á,
láta þeir núna bíða
í jökulhlaupi Jökulsá
og jakaburði að ríða.

DRAUMUR HALLBJARNAR BERGMANN

by Hallbjörn Bergmann Björnsson (1855–1925)

(ferskeytt, hringhenda)

Drauma undur orðið hér
um það grundum stöku
fleina þundur einn sem er
ern í blundi og vöku.

Í háseta hýsi fann
hvíld ómetinn undi
um skal getið eitt sinn hann
illa lét í blundi.

Svitableytu hnyklótt haf
hal af feitum dundi

mikilleitur, megni af,
mæðu og þreytu stundi

Halur snar þá vakinn var
viður svarar glauminn
firða skarann fyrir þar
fram svo bar hann drauminn.

Himingeima hulinn veg
hugurinn sveimar gladdur
þegar dreymir, því að ég
þóttist heima staddur.

Bænum hjá ég þóttist þá
þeli stjá með gljúpu
mæni háum hússins á
hvíta sá ég rjúpu.

Um hana glitið rósa rann
roða litað baugum
firðar viti að fegri en þann
fugl hef ei litið augum.

Numinn frá mér hreint varð hér
hyggju þá um teiga
físn varð áköf fyrir mér
fuglinum ná og eiga.

Flatur skríða fór ég þá
föt þó níða kynni
fuglinum síðan fékk ég náð
í fullri prýði sinni.

Enskur hundur þar kom þá
þeigi lundar hægur
hugurinn grundar: garmur sá
grimmur mundi og slægur.

Vildi frá mér fögrum hann
fugli ná og bíta
hann ég knáast verja vann

varð mér þá að hlýta.

Glennti hramma, hala skók
hauðrið þrammar gleiður
sókn allramma sá mér jók
svartur og kjamma breiður.

Rakkinn barði reif og sló
reynt hér varð um stundu
aðsókn harða en ég þó
annarri varðist mundu.

Handar var mín hreint orðlögð
hreysti, þar frá inni,
reyndi ég snar mín rómu brögð
rjúpunu bar í hinni.

Reif hann klæði margföld mín
mettur bræði og trega
grettið bæði og grimmlegt trýn
geipaði hræðilega.

Hart fram sótti síðan þá
sinnið rótt ei nýtti
loksins flóttu lagði hann á
löppunum óttinn flýtti.

VÍSUR

by Gísli Gíslason

(ferskeytt, hringhenda)

Lúinn hrærist lífs um stig
lundur hærist geira
árin færast yfir mig
alltaf lærist meira.

Ella myndi lífið leitt
lítið yndi og gaman
ef ég fyndi ekki neitt

eða bindi saman.

LJÓÐABRÉF FRÁ ERLENDI Í NAUSTI TIL SIGFÚSAR Í FLATEY

by Óskar Arinbjörnsson (1889–1954)

(ferskeytt)

Fékk ég bréf þitt, Fúsi minn,
sem fjallaði um kreppu og gengið
en hitt er verra að húsviðinn
hef ég engan fengið.

Heilræðin ég þakka þér
þau skal hafa í minni
en góður varstu að gefa mér
gagnið af reynslu þinni.

Holdið meyja heitt og mjúkt
hálf næring gefur
því hefur orðið þér svo drjúgt
það sem þénast hefur.

Kennt mun hafa þörfin þér
þínum tota að ota
enda kanntu meira mér
miðstöðvar að nota.

Ég vil spyrja ef ég má
og þú vilt mig fræða:
Kanntu líka listina þá
að lifa án húsa og klæða?

Ég má þreyja einn á strönd
oft mig beygja rokin
þú í eyjum heitri hönd
hýrrar meyjar strokinn.

Kofann hríðar hrista minn
hugarstríð sem boðar
heiminn blíða þegar þinn

þú án kvíða skoðar.

Þegar höldum hinsta haust
heim úr jarðleiksveri
eitt við setjum upp í naust
ósjófæra kneri.

Á einu merkist munurinn
á mönnum, herrum, þjónum
hverjir betur baggann sinn
bera þá frá sjónum.

Kjörin lífsins landi á
lát þig ekki hryggja
við skulum kannski kofa þá
hver með öðrum byggja.

Einn fyrir mig ef efni er til
annan þér til handa
en til beggja eins ég vil
að öllu leyti vanda.

Um efnið ræði ég ekki í bráð
úr sem byggja megir
en illa tálgað hárbeitt háð
hafa mun ég eigi.

Óglöggð lengra eygi veg
út í tilveruna
svo ei fleira segi ég
en sitt af hvoru gruna.

Svo kveð ég þig, Sigfús minn,
samt með rýrðu trausti
ævinlega er ég þinn
Erlendur í Nausti.

FJÖRULALLABRAGUR

by Martein Gíslason (1908–1941) (fragm.)

(nýhent, hringhenda)

Fjörulallar fóru á kreik
frekt þó hallað var af degi
heim þeir dralla og hyggja á leik
héldu að karlar svæfu eigi.

Var þar fótum enginn á
allir hrjóta vært í náðum
drauma ljóta dreymdi þá
drengjum þrjóta værðir bráðum.

Dýrin börðu og rifu af rögg
rekkar gjörðu værðir þrjóta
hristist jörð við hramma högg
húsið spöruðu ei að brjóta.

Angaði pestin óvætt frá
óaði flestum, það má letra,
einn þó mestur er að sjá
eins og hestur tíu vetra.

ÁRSTÍÐAVÍSUR

by Þorgils Þorgilsson (1884–1971)

(ferskeytt, hringhenda)

Vor

Vorsins blíða lýða lund
lífgar, kvíða ei seður
fuglar víða flökta um grund
fjaðraprýði meður.

Fuglasveimur furðudátt
frúr og beima gleður
lofts um geiminn líða þrátt
ljóðahreimi meður.

Geislar ljóma um grund og haf
glöðum rómi er sungið

loftið hljómar lífi af
lífsins ómi þrungið.

Grænkur víða grund að sjá
grösin fríð fá völdin
lækir hlíðum líða frá
liljum skríðist fjöldinn.

Vallar gróin grundin mær
gufar upp snjór um heiðar
líður um sjóinn léttur blær
laufgast skógarmeihar.

Skepnur fyrst þá fara á stjá
fagran gista haga
sínar listir leika þá
lausar við vistaraga.

Úti við bláan úthafssjá
eygló náir vaka
á heiðar gráa þokan þá
þéttum stráir raka.

Sumar

Að sumars blíða svífur tíð
síst fer að líða að kvíða
blómum skryðist brekkan fríð
blómsturhlíðar fríðar.

Unaðs hljómar um þá tíð
upprættur drómi kífsins
anga blómin undurfríð
allt er í blóma lífsins.

Svífur njóla af sjónarhól
af sævarbóli upp hafin
glitrar fjóla um grund og hól
geislum sólar vafin.

Rösklega slegið og rakað er

reitt heim hey af engi
knálega dregið, keppst við er
kveldinu er fegið mengi.

Haust

Sumri hallar haustar þá
hvín í fjalli og klifi
blómin vallar blikna smá
byrgð í mjallardrifi.

Vindar þræða um voga og strönd
valda ónæði tíðum
bylgjur að flæða og brjóta upp lönd
með býsna skæðum hríðum.

Hjarðsveinskall um hól og fjall
svo hrín í mjallarklíðum
árnar falla stall af stall
straums með falli tíðum.

Vetur

Þá vetur klæðist kufl sinn í
klaka þræðir sína
fellur á svæði fönn á ný
fegurð og gæði dvína.

Bifast land við brimsins gný
blómum grandar klakinn
fannir standa fjöllum í
af frera er grandinn þakinn.

Þá vetri út hallar vermir sól
víkja mjalla bungur
sér á hjalla og sérhvern hól
svella falla klungur.

Vors þá blíða að viku stund
vandar þýðum blænum
sérhver hlíð á svipri grund

serki skríðist grænum.

KVÖLDVÍSUR

by Símon Bjarnarson Dalaskáld (1844–1916)

(ferskeytt)

Af því nú er komið kvöld
og kærstur liðinn dagur,
rennur undir rekkjutjöld
röðull klæðafagur.

Sál mín brynni af Sjafnar eld,
sæl um njólu stundir,
ef hjá mér rynni hlý um kveld
hringa sólin undir.

BJARTIR MORGNAÐAR

by Stefán frá Hvítadal (1887–1933)

(hringhenda)

Vora tekur. Árla er.
Æskan rekur gullna þræði.
Sólin vekur, gegnum gler,
geislum þekur rekkjuklæði.

Sálin hressist, fær nú frið.
Feigð úr sessi hné í valinn.
Flutt er messa. Vaknið við.
Vorið blessar yfir dalinn.

Gekk þar lengi stað úr stað,
stukku hengjur blárna mjalla.
Víða þrengir vetri að,
vorið gengur nú til fjalla.

Lækir flæða, hækka hreim.
Hugljúf kvæði skap mitt yngja.

Engin mæði amar þeim.
Æskubræður mínir syngja.

Árglöð kalla ærslin þar,
yngist sjálfur vori feginn.
Hálfar falla hendingar,
hoppa álfar fram á veginn.

FRAM TIL HEIÐA

by Stefán frá Hvítadal (fragm.)

(nýhent, hringhenda)

Vængir blaka, hefjast hátt,
heiði taka, þrárnar seiða.
Sólheit vakir sunnanátt,
svanir kvaka fram til heiða.

Blána fjöll og birtir nótt,
brak og sköll um heiðarlendur.
Vatnaföllin vaxa ótt,
vetur höllum fæti stendur.

Týnast rökin — vonlaus vörn.
Vor kann tökin, fannir sjatna.
Sveimar vökull auðnarörn
yfir þökum silungsvatna.

Gott um veiði, gnægðir þar,
grænar breiður undan fönnum.
Eitt sinn heiðaauðnin var
eina leiðin sekum mönnum.

Þessum hlóðu örlög óð,
einir stóðu, lögin fengu.
Drifnir blóði daggarslóð
dalsins hljóðu synir gengu.

VÍSUR UM HORNSTRANDIR

(ferskeytt, víxlhent/hringhenda)

Þaðan yfir fór ég fjöll
frekar þandi göngu
fönnum drifin alveg öll
á Hornstrandir löngu.

Mjög eru tvennslags þjóðir þar
því á fenna láði
skýrleiksmenn og skrælingja
skjótt ég kenna náði.

GRÁNUVÍSUR

by Ásgrímur Sigurðsson (1856–1936)

(ferskeytt, hrinhenda)

Margt vill hrella huga og hold
heims er brellinn siður.
Fyrir elli ofar mold
allt má skellast niður.

Hörð mig þjáir hugar þín
hvergi eg nái þreyja,
hryssan gráa mátti mín,
sem margur fá að deyja.

Hún var ættuð Fljótum frá
firða kætti tíðum,
en kynþætti eg um þá
ei fékk rætt hjá lýðum.

Hún var lengi lífs á slóð
lista gengi búin.
Geðs um engi gladdi þjóð
galla strengjum rúin.

Hennar víða ei myndast mynd
á mótum þýðum vega.
Búin prýði beislahind

bar mig prýðilega.

Gild og há var hún að sjá
heldur kná því var hún
lýðum hjá því lýsa má
litinn gráa bar hún.

Harma felldi hófa ljón
hlín hjá elda laga,
er þaut sem elding yfir frón
eins um kveld sem daga.

Tauma mundum teygði frá
týru sunda lundi,
á reiðarfundum fremst var þá
fleiðraðist grundin undir.

Blak ei þoldi af keyriknút
kvalráð voldugt mannsins
þá nam holdið þrútna út
þyrlaðist moldin landsins.

Undan fótum grýttist grjót
geist að njótum sverða,
eins var fljót sem elding skjót
á reiðmótum ferða.

Bragna óslaka bar hún vel
bakkar taka að skjálfa,
sprengdi klaka, mold og mel
molaðist þakið álfa.

Geðs af róti gnúði mál
og grimmdar hótum stundi
leiftur þjóta lands um mel
logaði fótum undir.

Hvort hún þaut um for og fell
að fagnar lautir rynni
aldrei hnaut þar eða féll
ævibraut á sinni.

Kvæðið linna læt ég hér
lítt sem kynnir vana.
Gránu minning úti er
aldrei finn ég hana.

Nú er ég Gránu orðinn án
ei má Gránu finna.
Seinna af Gránu síst hef lán
sakna ég Gránu minnar.

FJALLIÐ FAGRA

by Sigurður Breiðfjörð (excerpt)

(langhent, víxlhenda)

1. Hér er yndi á háu fjalli
að horfa um unn og jarðar mó,
og lepja í vinda léttu falli
loftið þunna úr veðra sjó.
 2. Vinda andi í vöggum sefur,
vogar þegja og hlýða á,
haf um landið hendur vefur
hvítt, og spegilslétt að sjá.
 3. Straumar bindast brjóstum landa,
– beggja hlýna vingan má;
eyjar synda, sofa, standa
silfurdýnum Ránar á.
 4. Ekki úr sporum blómstur bærast,
– brjóst þeim gefa foldin kann;
vindar þora ei hót að hrærast,
því heilög sefur náttúran.
 5. Fossar skauta fjalla stöllum,
flytja í boga vötnin þunn;
lækir tauta í lágum föllum
og læðast voga fram í munn.
-

RÍMUR AF REIMARI OG FAL

by Hákon Hákonarson (1793–1863)

XIII 15–19, 25–28 (hagkveðlingaháttur)

15. Reimar fyrst og Fal eg tel,
fólkið kvista vígs um mel,
báðir lista börðust vel,
blóðugan hrista dragvendil.

16. Ruddu braut í fylking fram
fleinagautar blóðs um damm,
margur hlaut þá skáلكur skamm
og skaðapraut við hrottaglamm.

17. Blóðið þrátt af lýðum lak,
linaðist sátt við geira blak,
heyra mátti bresti og brak,
brandapátts við yfirtak.

18. Hers var munur lands um leir,
lítt þó uni kappar tveir,
kóngsins hrunu höldar meir,
hjörs við dunur svæfðust þeir.

19. Falur sér að fylkis þjóð
falla gerir vígs um lóð,
fram í herinn áfram óð
yggjar ber í hendi glóð.

...

25. Flötu merki fleygja réð
Falur sterki vígs um beð,
löndungsherki mætur með
mengið lerka heljar téð.

26. Samson hrellir sókndjarfur
sveit á velli blóðdreifður,
neyð þó hrelli niflungsbur
nærri fellur óvígur.

27. Reimar meiddi mengi á grund,
mörgum eyddi stálapund,
frægðir greiddi fylkismund,
fimmtíu deyddi á litlri stund.

28. Högginn stóru hvínandi
hjálms var þórinn sýnandi,
til heljar fóru hrínandi,
hinir voru blínandi.

HJÁLMARSKVIÐA

by Sigurður Bjarnason (1841–1865) (excerpt)

(ferskeytt, hringhenda)

66. Roðnaði klára hetjan há
hug af sáravörmum;
ljósa báru Þrúðar þá
þerrði tár af hvörmum.

...

77. Fór nú korða Fengur á
fákinn borða valda;
eftir horfði honum þá
hrygga skorðan falda.

78. Svona orðum svifar þá
silkiborða Nanna:
„Varla forða feigum má,
forlög skorðuð banna.“

...

82. Falda Borgund beið ei hjá
báru torgi lengur,
hjúpuð sorga hreggi þá
heim til borgar gengur.

RÍMUR AF ANDRA JARLI

by Hannes Bjarnason (1776–1838)

V 13, 28–29 (braghent, samrímað, samhent (skjálfhenda))

13. Andri snar drakk inni þar með ítum sínum,
og þjóðirnar hjá þengli fínum
sem þjáður var af lyndis pínum.

...

28. Drekkur skarinn drótta þar með dans og kæti.
Nú vaktarar ljót með læti,
litu fara mann um stræti.

29. Geist sá æddi, grand ei hræddist gaura skarann,
svörtum klæddur kufli var hann,
kylfu ómæddur gadda bar hann.

SIGLINGAVÍSUR

(ferskeytt, hringhenda)

Hranna skríður hesturinn
hafs úr stríðu róti
Siglu- fríði fjörðurinn
faðminn býður móti.

Voðir teygja veðrin hörð
vart þótt fleygið kafi.
Inn á Eyja- fagran fjörð
framan úr reginhafi.

(*Ásgrímur Sigurðsson*)

Stjörnur lýsa und logahjúp
leið á hnýsu mýri
fram um Ísafjarðardjúp
firðum stanza stýri.

VÍSUR UM ODD JÓHANNSSON FRÁ SIGLUNESI

(ferskeytt/stikluvik)

Oddur minn er ærustór
unan fylgir halnum
gaf mér núna brenndan bjór
bóndi á Engidalnum.

(Símon Dalaskáld)

Oddur ræður Engidal
orku bóndinn slyngi
kaldan fram um keilusal
kapteinn á Víkingi.

(Símon Dalaskáld)

Oddur græðis grundu á
gota beitir ranga
þó að æði aldan blá
ekki hræðist drengur sá.

(Björn Pétursson)

Djarft þá glæðist dagurinn
djarfur rær á sæinn.
Á þótt flæði aldan stinn
ekki hræðist karlfuglinn.

(Þorleifur Þorleifsson)

Hirðir kýr og kindurnar
karl í betra lagi.
Oddur stýrir öldumar
yfir mýri skervallar.

(Þorleifur Þorleifsson)